

	Bls.
Úrslit vísnaþeppninnar 1978 .....	1
Vísnaþeppni 1979 .....	4
Frá vísnaþeppni 1977 .....	5
Vísnaþál .....	8
Ársskýrsla bókaþafns og Safnaþúss .....	13
Ársskýrsla Skjalaþafns .....	16
Frá Listaðafni Skagaþirðinga .....	19
Aldarminning Péturs Zophoniaþsonar .....	23
Sjálþboðaliðastarf í þágu Héraðsskjalaþafnsins .....	26
Drepið á vísnaþöfnun .....	28
Héraðsbókaþafn Skagaþirðinga .....	31
Úr Héraðsskjalaþafni .....	43
Hver er maðurinn? .....	48
Safnaþréttir .....	50

3. árgangur 1979

# safnaþál þál



Útgefandi:  
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA  
og  
HÉRAÐSBÓKASAFN SKAGFIRÐINGA  
SAUÐÁRKRÓKI

Umsjón:  
HJALTI PÁLSSON  
KÁRI JÓNSSON  
KRISTMUNDUR BJARNASON  
Ábyrgðarmaður:  
KÁRI JÓNSSON

AKUREYRI  
PRENTVERK ODDS BJÖRNSSONAR HF.  
MCMLXXIX

## Úrslit vísnaðkeppninnar 1978

Í vísnaðkeppninni 1978 voru menn beðnir að botna þessa fyrriparta:

Þegar eitthvað amar mér,  
á ég vin í Grána.

— — —  
Þjóðin vor, hún þykist fjáð,  
er þurfalingur ei að síður.

Skilafrestur var til 15. febrúar 1979. Dómnefndina skipuðu sem fyrr þeir Sigurjón Björnsson prófessor og Andrés Björnsson útvarpsstjóri, en Hannes Pétursson vékst undan setu í nefndinni.

Eftirfarandi botna töldu nefndarmenn bezta, og var ekki gerður munur á þeim innbyrðis:

1. Kostum gæddur greitt hann fer,  
geislar fjör um brána.

Ö. Þorn.

2. Yndi bezt hann ætíð lér  
og eykur ferðaþrána.

Sigurlaug Stefánsdóttir.

3. Af öðrum hestum alltaf ber,  
ósköp hýr á brána.

Ingimar Bogason.

— — —  
4. Heiður sinn og hæsta ráð  
hernáms-verndarliði býður.

Sveinn Sölvason.

*Safnamál . 1*

5. Á söguspjöld er skömmin skráð,  
Skilafrestur óðum líður.

Hilmir Jóhannesson.

6. Mín ef holl vill hafa ráð  
hún að vexti stakk sér sníður.

Á. Ö. E.

Beðið var og um heilar vísur um tiltekið yrkisefni og mælt til þess, að ort væri um Drangey. Nefndarmenn töldu þessar þrjár vísur „einna beztar“:

Til þín sóttu björg í bú,  
bilaði þróttinn eigi.  
Vista gnóttir veittir þú  
vel að nótt sem degi.

Sveinn Sölvason.

Upp úr þöglu, dökku djúpi  
Drangey rís.  
Í aftanroða, árdagshjúpi,  
úthafsdís.

Hilmir Jóhannesson.

Af þér hrökkva um aldaveg  
úfnir báru garðar,  
Drangey fríð og dásamleg,  
drottning Skagafjarðar.

Ö. Þorn.

Rétt þykir að gera svolitla grein fyrir höfundunum: Sveinn Sölvason, er búsettur á Saudárkróki, svo og Ingimar Bogason og Hilmir Jóhannesson. Sigurlaug Stefánsdóttir frá Gilhaga, er búsett á Akranesi. Bak við dulnefnið *Ö. Þorn*. leyndist Ragnar Örn, Fells-  
múla 11, Reykjavík. Nafnstafina *Á. Ö. E.* á Ásgeir Ó. Einarsson  
dýralæknir, Sólvallagötu 23, Reykjavík.

Ragnar Örn (Ö.Þorn) lætur þess getið í orðsendingu, sem fylgdi vísu hans, að hann hafi ekki vitað um keppnina 1977, fyrir en frestur til skila var runninn út, en kveðst svo sem til gamans senda vísur, sem þá var beðið um. Með því kom höfundurinn dómnefndarmönnum í vanda. Í bréfi frá þeim segir m.a. svo: „Tvær vísur bera af öðrum kveðskap, sem við höfum augum barið í þessari syrpu. En þær falla víst utan prógramms í ár, svo vandi er að vita hvað gera skal. En það eru þessar tvær haustvísur eftir Ö.Þorn.“

Feig í hlíðum fölna strá,  
fer að hriðarvetur,  
þegar líður ævi á,  
að mér kvíða setur.

Fjarst á breiðum fjallahring  
fanna hroði situr.  
Klæðir heiðar, holt og lyng  
haustsins doða litur.

## Vísnaþkeppni 1979

Að þessu sinni er aðeins um að ræða einn fyrripart, sem þátttakendur í vísnaþkeppni nú eru beðnir að botna. Hann hljóðar svo:

Lækkar sól á sjónarhring,  
sumarið brátt er liðið.

— — —

Ennfremur er leitað eftir vísnum um tiltekið yrkisefni, og varð fyrir valinu *orkwandamál*(ið).

Skilafrestur er til 15. febrúar 1980.

Allir botnar, svo og vísur um áðurnefnt yrkisefni, skulu merkt dulnefni, en rétt höfundarnafn fylgi í lokuðu umslagi, merkt dulnefninu.

## Vísnaþkeppnin 1977

Í 1. og 2. árg. Safnamála er fjallað um vísnaþkeppnina 1977. Undirtektir voru þá svo dræmar, að hún náði ekki tilgangi sínum. Að gefnu tilefni þykir þó rétt að birta sýnishorn þess, sem barst, og handahófsval látið ráða.

Í vísnaþkeppninni 1977 voru þátttakendur beðnir að botna eftirfarandi:

Ellimörkin engan hrjá  
ævidag þó lengi.

— — —

Urgar í grjóti aldan há,  
úfin þjóta skýin.

Valdir voru af handahófi þrír botnar sem sýnishorn og er þeim raðað hér í stafrófsröð eftir upphafsorði:

Ellimörkin engan hrjá  
ævidag þó lengi,  
ef menn leika lipurt á  
lífsins hörpustrengi.

Þóra Jóhannsdóttir,  
Aðalgötu 9, Sauðárkróki.

Urgar á grjóti aldan há,  
Úfin þjóta skýin.  
Saman brjóta blöðin smá  
blóm að rótum hnigin.

Friðrik Friðriksson,  
Bárustíg 7, Sauðárkróki.

Ellimörkin engan hrjá  
ævidag þó lengi,  
Botn: því Íðunn nærir eplum á  
aldin fljóð og drengi.

Marteinn Steinsson,  
Freyjugötu 48, Sauðárkróki.

Lesendur voru og beðnir að yrkja haustvísur. Hér er sýnishorn,  
og vísunum raðað í stafrófsröð eftir upphafsorði:

#### HAUSTVÍSUR

Dauða seld með bleika brá  
blómin hrelld hjá nausti.  
Svelluð kelda, síluð strá  
sjást um kveld á hausti.

Egill Helgason,  
Skógargötu 17, Sauðárkróki.

Freðinn öll er hamrahöll,  
héluvöllinn stjörnur lýsa.  
Hæstu fjöllin földuð mjöll,  
fellur gjöll á milli ísa.

Jóhann Magnússon,  
Varmalæk, Skagafirði.

Helju bitin — húmar að —  
héluð titra stráin.  
Fölna litir, bliknar blað,  
blómin glitra dáin.

Sveinn Sölvason,  
Skagfirðingabraut 15, Sauðárkróki.

Hnípin falla frerastrá  
fróns um hall og rinda,  
haustið mjallarmöttul á  
mátar fjallatinda.

Hjalti Jónsson,  
Víðiholti, Skagafirði.

Norðanvindur nístir brá  
— næðir tind og hjalla.  
Björt á rindum blikna strá,  
blóm í skyndi falla.

Marteinn Steinsson,  
Freyjugötu 48, Sauðárkróki.

## Vísnamál

Margir lesendur Safnamála hafa farið þess á leit, að birtar yrðu hér í ritinu stökur úr vísnaþyrpum, sem varðveittar eru í Héraðsskjalasafninu. Sjálfsagt þykir að sinna þeirri bón, og verða skagfirzkir höfundar fyrir vali að þessu sinni.

Jóhannes Jóhannesson skipstjóri, faðir Þórðar smiðs á Sauðárkróki, orti í glettni um Guðbjörgu Björnsdóttur konu sína, er vina-hjón þeirra komu í heimsókn:

Guðbjörg aldrei gefur staup  
góðu bóndatetri.  
Við skulum hafa konu kaup,  
kannski þín sé betri.

Á þjóðmálafundi á Lýtingsstöðum deildu menn harkalega, en rimman stóð milli Íhaldsmanna (sem þá nefndust svo) og Framsóknarmanna. Séra Tryggvi Kvaran var helzt fyrir fyrrnefnda flokknum, en Jóhann Magnússon frá Mælifellsá, síðar Varmalæk, meðal andstæðinga. Jóhann orti í fundarlok:

Reiðingurinn við þá valla  
vildi tolla í dag,  
svo presturinn setti á þá alla  
íhaldsrófustag.

Helgi járnsmiður Jónsson í Merkigarði svaraði svo:

Fári og slysum forða mega  
fyrirhyggja og lag.  
Framsóknarmenn ættu að eiga  
íhaldsrófustag.

Jóhann Magnússon, fyrrnefndur, bjó í Breiðargerði í Lýtingsstaðahreppi 1917-1921. Þá voru harðindi mikil, sem kunnugt er, og heyskortur. Jóhann brá sér til Sauðárkróks og keypti síldarámu mikla, hugðist gefa gripum síld með heyjum. Ámunni kom Jóhann fram eftir, og var það verk eitt hið erfiðasta. Þegar hann opnaði tunnuna, reyndist hún full af söltum sjó, en síld gat þar enga. Þá kvað Þorsteinn, bróðir Jóhanns:

Hafa, þó að bregðist beit,  
bændur nóg af ráðum:  
Þeir flytja sjóinn fram í sveit  
og fara að róa bráðum.

Eftir Gísli Stefánsson í Mikley er eftirfarandi vísa:

Nú er yngsta ástin frá,  
aldrei festi hún rætur,  
vakti bara bros og þrá,  
bauð svo góðrar nætur.

Sigurhjörtur lögfræðingur, sonur Péturs Jónssonar frá Eyhildarholti, var á Hótel Borg með nokkrum kunningjum, og rakst þar á fimm Skagfirðinga að drykkju, og kvað:

Ekki er þessi fylking frýn,  
full af viskiþambi:  
hani, krummi, hundur, svín  
og Haraldur frá Kambi.

Fyrst minnt er á hinn góðkunna hagrörðing Harald Hjálmarsson frá Kambi, þykir vel við eiga að tíunda hér tvær vísur hans. Hann var eitt sinn áhorfandi að því, að lögregla tók fulla menn og stakk þeim inn, og kvað þá í barm sér:

Barizt er við blanka menn  
bæði kvölds og morgna.  
Sumir blautir eru, en  
aðrir að byrja að þorna.

Um sjálfan sig gerði Haraldur þessa játningu:

Flaskan oft mér leggur lið,  
læknar dýpstu sárin,  
enda hef ég hana við  
haldið gegnum árin.

Ísleifur Gíslason stundaði kaupskap á Sauðárkróki frá 1904 til æviloka, 1960. Þegar ekki voru gestir í verzluninni, var Ísleifur löngum í herbergi inn af henni, en gægjugat var á hurðinni, svo að hann fylgdist með mannaferðum. Guðmundur Kaldbak kom eitt sinn inn í búðinni, en þar var engan að sjá, Skömmu síðar kemur þó Ísleifur fram og segir:

Ertu að verða að umskipting  
inn í búðarholu?

Guðmundur svaraði:

Eg er að leita allt um kring  
að einni kaupmannsrolu.

Ísleifur Gíslason lenti eitt sinn í orðaskaki við mann einn. Er deilan harðnaði, færði maðurinn sig nær Ísleifi. Honum varð þá að orði:

Viðtals eigi virði ég þig,  
vesalmenni og dóna.  
En áður en ferðu ofan í mig  
af þér taktu skóna.

Páll, sonur séra Páls á Knappsstöðum, Tómassonar, var kunnur hagrýðingur og mikill efnismaður. Hann druknaði ungur. Eftir hann er hin alkunna vísa: Vaxa fíflar fróni á . . .

Páll kvað eitt sinn:

*Safnamál . 10*

Tíðum hitti ég hýra snót,  
hverju ei leynt fær öldin,  
þegar ég er að fara um Fljót  
furðu seint á kvöldin.

Hátt þó klingi heims í hvoft  
af haturs kynngiræðum,  
finn ég hringaeyju oft  
eftir kringumstæðum.

Eftirfarandi vísu orti Páll um hjú, sem komu seint heim af engjum:

Hér um drengir hefja spaug  
heim þá gengur öldin:  
Niðr' á engjum eru þau  
æðilengi á kvöldin.

Um föður sinn, Knappstaðaklerkinn og fjósakonuna á staðnum, orti Páll:

Arkar karlinn út í fjós  
Ingibjörgu að finna.  
Ekki þarf hann alltaf ljós  
til útiverka sinna.

Lúðvík Kemp var verkstjóri í vegagerð um Siglufjarðarskarð. Þá var, að sögn, mikið bruggað í Fljótum. Því kvað Kemp:

Ýmsir þrjótar iðka fikt,  
er þeir skjótast lög í kringum.  
Oft úr Fljótum landalykt  
leggur á móti Siglfirðingum.

*Safnamál . 11*

Síðar kvað Kemp um framleiðslu Fljótamanna:

Þessi landi er þrjóðinn  
af þeim, sem verkið kunni,  
og sýnist vera samboðinn  
sveitameningunni.

Á yngri árum sínum orti Dýrólína Jónsdóttir, seinna á Fagranesi,  
svo um stelpukrakka, sem var að kankast við pílta:

Eins og veiztu, veigabrá,  
veldur neistinn bruna.  
Ekki treysti ég því að þú  
þolir freistinguna.

Það var sumra mál, að vísan hefði gengið eftir.

Eftirfarandi erindi nefnir Hannes Pétursson: *Á Stóra-Vatnsskarði.  
Bókmenntasögulegt yfirlit.* Það er ort í áætlunarbíl sumarið 1979,  
þegar halla tók austur af Skarðinu og sást til Víðimýrarsels og  
Brekkuhúsa:

Hér hljóp Stebbi í Seli mýri og mó  
með magakútinn tóman.  
Hér var það sem Hjálmar gamli dó.  
Og hér valt, as you know,  
leigubíll í býsna góðum róman.

Enn skal vakin athygli á því, að lesendur Safnamála eru eindregið  
hvattir til að skrá ýmsar vísur, sem þeir hafa numið, og senda þær  
Héraðsskjalasafni. Tildrög vísanna séu látin fylgja með, þegar svo  
stendur á, og að sjálfsögðu nöfn höfunda, ef þau eru kunn.

K. B.

# Héraðsbókasafn Skagfirðinga Safnahús Skagfirðinga

## ÁRSSKÝRSLA 1978

Héraðsbókasafnið var opið til útlána 12 stundir í viku á árinu,  
mánudaga kl. 5-7, miðvikudaga kl. 4-7, fimmtudaga kl. 8-10 og  
föstudaga kl. 2-7, þó var einungis opið 4 stundir í viku, á mánu-  
dögum og fimmtudögum, yfir sumarmánuðina júlí, ágúst og sept-  
ember.

Lánþegar frá hausti 1977 til vors 1978 urðu samtals 494, 309  
fullorðnir og 185 börn. Gjald fyrir lánskírteini var kr. 1000 fyrir  
fullorðna, kr. 400 fyrir ellilífeyrisþega og kr. 100 fyrir börn. Út-  
lánadagur voru 174 og tala lánaðra binda 27.048. Er það 11,5%  
aukning frá fyrra ári. Deilist þetta þannig niður eftir efnisflokkum:

000 rit almenns efnis	459
100 heimspeki og sálfræði	255
200 trúarbrögð	60
300 félagsfræði	319
400 málfræði, tungumál	1
500 raunvísindi	137
600 tækni, framleiðsla	147
700 listir	97
800 bókmenntir	23.298
900 saga, landafræði, ævisögur	2.275

Samtals 27.048

Auk venjulegra útlána voru lánaðir bókakassar til togara út-  
gerðarfélagssins, 245 bindi, og millisafnalán voru til Bókasafns



Sjúkrahúss Skagfirðinga, Varmahlíðarskóla, Steinsstaðaskóla og Lestrarfélags Seyluhrepps, samtals 106 bindi.

Starfsfólk bókasafnsins var hið sama og í fyrra, Hjalti Pálsson bókaforstjóri og Anna Pálsdóttir afgreiðslumaður. Anna hlaut fast-ráðningu 1. október í <sup>3</sup>/<sub>10</sub> hluta úr starfi. Hjalti fékk launalaust leyfi yfir sumarmánuðina júní-september og kom Eiríkur Rögnvaldsson í hans stað þann tíma. Þá vann Sigurður Helgason, nemi í bóka-safnsfræði, um eins mánaðar skeið á safninu við skráningu.

Stefán Magnússon batt 240 bindi fyrir safnið á árinu. S.l. tvö ár hafa því verið bundnar samtals 578 bækur, þar af um 50 bindi tímarita úr safni Árna G. Eylands og um 120 bindi af alþingis- og stjórnartíðindum. Stefán hefur nú um 40 ára skeið sinnt bókbandi fyrir safnið og ætíð sýnt því mikinn áhuga og velvilja. Hefur hann bundið þúsundir bóka fyrir bókasafnið á þessu árabili. Eru Stefáni færðar beztu þakkir fyrir langt og mikið starf.

Í aðfangabók bættust 1010 bindi. Munaði þar mestu um bóka-gjöf Páls Sigurðssonar bókaforstjóra í Reykjavík, er barst haustið 1977, en var skráð að mestu leysi á árinu 1978, nær 600 bindi. Ýmsir gáfu bókasafninu bækur og blöð og eru þeim færðar beztu þakkir. Skrá yfir gefendur fylgir hér aftar.

Svo sem getið var í síðustu ársskýrslu veitti Menningarsjóður Sparisjóðs Sauðárkróks rausnarlegan styrk til bókaakaupa árið 1977. Þessi upphæð varð með vöxtum samtals kr. 622.330 og var hún lögð inn á sérstaka sparisjóðsbók. Þetta fé hefur nú allt verið notað og voru keypt alls 150 bindi, nær eingöngu fræðibækur af ýmsu tagi svo og nokkur heil tímarit. Mikil vöndun er þó enn á margs konar fræðibókum, þótt reynt hafi verið að auka þann safnkost eftir fongum hin síðari ár. En þessi styrkur kom í góðar þarfir.

Húsnæði Safnahússins var meira nýtt en nokkru sinni áður yfir vetrarmánuðina. Eins og undanfarin ár leigði tónlistarskólinn salina á neðri hæð fyrir starfsemi sína, ennfremur var þar söngkennsla á vegum barnaskólans. Samkór Sauðárkróks æfði á kvöldin tvisvar í viku eða oft og fleiri aðilar fengu inni til söngæfinga og hljóð-færaleiks. Þá leigðu ýmsir aðilar húsnæði til fundahalda, tón-

leikar voru haldnir, sýningar, bridgekeppnir, og hér voru kjörfundir til alþingis- og bæjarstjórnarkosninga. Nánar greinist þetta þannig: Bæjarstjórnarfundir urðu 20, sýslufundir 5 (daga), aðrir fundir 19, bridgekvöld 6, tónleikar 3, málverkasýningar 2, dómþing og rétt-arhöld 4, kosningar 2, aðrar samkomur 5.

Áætluð var fjárveiting til að vinna í kjallara hússins, en hún var felld niður síðar á árinu svo að ekkert varð af framkvæmdum.

Sem kunnugt er hófu söfnin útgáfu Safnamála árið 1977. Fyrsta árgangi var dreift ókeypis til kynningar á öll heimili í Skagafirði, en síðan hefur verið selt í áskrift. Kaupendur eru þó of fáir ennþá til þess að ritið standi undir sér fjárhagslega eða um 120. Skilsemi er hins vegar með miklum ágætum. Ritið hefur verið sent út kröfu-laust, en áskriftargjöldin hafa heimzt 100%. En þótti ritið geri ekki ennþá í blóðið sitt beinlínis, er enginn vafi, að útgáfan hefur orðið söfnunum mjög til framdráttar hvað snertir auglýsingu og kynningu.

Stjórn safnanna var öll endurkjörin á árinu. Hana skipa þeir Kári Jónsson formaður, Rögnvaldur Gíslason, Gísli Magnússon, Gunnar Helgason og Kristmundur Bjarnason. Starfsfólk í Safnahúsinu var einnig hið sama og fyrra ár: Jóna Sveinsdóttir við ræstingu, Anna Pálsdóttir afgreiðslumaður í bókasafni, Kristmundur Bjarnason skjalavörður og Hjalti Pálsson bókaforstjóri og forstöðumaður Safnahússins.

Hjalti Pálsson.

## Skrá yfir gefendur til bókasafnsins

Amtsbókasafnið á Akureyri.

Árni Blöndal bóksali, Sauðárkróki.

Árni G. Eylands og Margit Eylands, Reykjavík.

Baldvin Kristjánsson verzlunarm., Sauðárkróki.

Haukur Stefánsson málarameistari, Sauðárkróki.

Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur, Akureyri.

Jóhannes Sigvaldason framkvæmdastjóri, Akureyri.

Marta Sigtryggisdóttir, Sauðárkróki.

Páll Pálsson, Smiðsgerði.

Páll Sigurðsson verzlunarm., Akureyri.

Sölvi Sveinsson kennari, Reykjavík.

S.L. Tuxen og Zoologisk Museum, Kaupmannahöfn.

# Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 1978

Héraðsskjalasafn starfaði með svipuðum hætti og undanfarin ár. Megináherzla var sem fyrr lögð á öflun handrita, mynda og bóka, svo og að auka lesfilmusafnið. Allt hefur þetta gengið vonum fram. Handrita- og myndagjafir hafa borizt safninu hvaðanæva; filmusafnið stórauðizt. Skráðir gestir safnsins reyndust 581, afgreidd erindi utan afgreiðslutíma 204.

Sölvi Sveinsson vann að skráningu og flokkun mynda og miðaði verkinu vel fram. Hafa nú verið nafngreindar og tölusettar rúmlega 5000 mannamyndir, en alltaf bætist í bú, og er því langt í land, að skráningu verði að fullu lokið, og vonandi lýkur henni aldrei, þótt jafnan sé haldið áfram. Í 2. árg. Safnamála er lýst, hvernig að þessu verki er staðið, og vísast til þess.

Þjóðhátíðarsjóður Íslands veitti kr. 500 þúsund til myndskráningar og myndasöfnunar, Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga kr. 100 þúsund í sama skyni. Nú er unnið að því að fá ljósmyndir af teikningum og eftirtökur af ljósmyndum í Bruunssafni í Kaupmannahöfn, þ.e. þeim hluta þess, sem að Skagafirði lýtur.

Svo sem drepíð er á í 2. árg. Safnamála gáfu tveir Skagfirðingar Héraðsskjalasafninu höfundarrétt að verkum sínum: Björn Egilsson frá Sveinsstöðum og Sæmundur Dúason, fyrrum kennari, nú á Akureyri. Síðar á árinu bættist því og að gjöf höfundarréttur að verkum Ísleifs Gíslasonar. Gefandinn var dóttir hans, Elísabet. Einnig gaf hún ýmis handrit hans, svo og myndir. — Um tekjur af

höfundarrétti vísast til reikninga. Margir afhendingarskyldir aðilar hafa sýnt skilasemi, þó vantar allmikið á fullnaðarskil enn. Tvær stofnanir færðu safninu gjafir: Ríkisútvarpið (segulbandsupptöku) og Sögufélag Skagfirðinga (handrit). — Skrá yfir aðra gefendur fylgir.

Unnið hefur verið að ljósritun sýslugagna, sem geymd eru í Þjóðskjalasafni. Verkið er unnið á vegum sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, en safnið nýtur góðs af.

Nokkuð hefur verið unnið að fullnaðarskráningu handrita og umbúnaði þeirra, þó hefur þeim ekki enn verið fengin einkennis-tala.

K.B.

## Skrá yfir gefendur 1978

Anna Sigurðardóttir, Hjarðarhaga 26, Rvík.  
Árni Pálsson, Klapparstíg 3, Akureyri.  
Björn Egilsson frá Sveinsstöðum, Lýt.  
Björn Jónsson, Bæ, Höfðaströnd.  
Egill Helgason, Skógarg. 17, Sauðárkróki.  
Eiríkur Eiríksson prentari, Þórunnarstræti 113, Akureyri.  
Eiríkur Sigurðsson fv. skólastjóri, Hvannavöllum 8, Akureyri.  
Elísabet Ísleifsdóttir, Reynimel 23, Rvík.  
Friðrik J. Friðriksson héraðslæknir, Sauðárkróki.  
Friðrik Hallgrímsson, Sunnuhvoli, Akr.  
Geir S. Björnsson prentsmiðjustjóri, Godabyggð 4, Akureyri.  
Gísli Magnússon, Vöglum, Akr.  
Guðlaugur Jónsson, Hátúni 10, Rvík.  
Guðríður Brynjólfsdóttir, Vífilsstöðum, Kjósars.  
Guðvin Gunnlaugsson, Vanabyggð 9, Akureyri.  
Gunnar Valdimarsson frá Víðimel, Seyl.  
Hannes Pétursson, Túngötu 25, Bessastaðahr.  
Heiðbjört Björnsdóttir, Sjávarborg, Skarðshr.  
Helga Sigtryggsdóttir frá Víðivöllum, Akr.  
Helgi Rafn Traustason kaupfélagsstjóri, Hólmagrund 20, Sauðárkróki.  
Hróbjartur Jónasson frá Hamri, Rípurhr.  
Indiana Sveinsdóttir (Mrs. I. Sigurdson), Arborg, Man. Kanada.  
Jón Steffensen prófessor, Aragötu 3, Reykjavík.

Jónas Haraldsson, Völlum, Seyl.  
 Jórunn Sigurðardóttir, Frostastöðum, Ak.  
 Kolbeinn Kristinnsson frá Skriðulandi, Hólahr.  
 Konráð Jónasson, Ytri-Brekkum, Ak.  
 Kristbjörg Guðmundsdóttir frá Ási, Hegranesi.  
 Kristján Jóhannesson, Reykjum, Lýt.  
 Kristján Sigurðsson, Hofsósi.  
 Kristmundur Bjarnason, Sjárvarborg, Skarðshr.  
 Lovísa Guðmundsdóttir, Ási, Hegranesi.  
 María Magnúsdóttir, Suðurgötu 9, Sauðárkróki.  
 Moníka Helgadóttir, Merkgili, Ak.  
 Ólöf Guðmundsdóttir, Ríp, Rípurhr.  
 Páll Jónsson bókavörður, Bollagötu 5, Rvík.  
 Páll Pálsson, Smiðsgerði, Hólahr.  
 Páll Sigurðsson, Klapparstíg 3, Akureyri.  
 Rósa Jensdóttir, Fjarðarhorni, Bæjarhreppi, Strand.  
 Sigríður Sigurðardóttir, Stóru-Ökrum, Ak.  
 Sigurður Jónsson, Reynistað, Staðarhr.  
 Sigurður Pétur Björnsson útibússtjóri, Garðarsbraut 19, Húsavík.  
 Sigurjón Páll Ísaksson, Auðarstræti 3, Reykjavík.  
 Skarphédinn Pálsson, Hólmagrund 12, Sauðárkróki.  
 S. L. Tuxen dr. phil., Kaupmannahöfn.  
 Stefán Magnússon bókbindari, Kirkjutorgi 3, Sauðárkróki.  
 Steinunn Jóhannsdóttir (frá Löngumýri), Hellissandi.  
 Sverrir Björnsson, Hólavegi 20, Sauðárkróki.  
 Sæmundur Dúason, Hríseyjargötu 2, Akureyri.  
 Vilhjálmur Jónasson, Ytri-Brekkum, Ak.  
 Þórarinn Ólafsson, Faxaskjólí 20, Rvík.  
 Þorsteinn Sigurðsson, Hjaltastaðahvammi, Ak.

## Frá Listasafni Skagfirðinga

Í Safnamálum 1978 var gerð nokkur grein fyrir stofnun listasafnsins og starfsemi þess fyrstu árin. Einnig birtist þar skrá yfir öll verk í eigu safnsins, tekin saman eftir aðfangabók, alls 34 númer. Framhald þeirrar skrár fer hér á eftir, og nær hún til verka sem listasafnið hefur eignast síðan. Framvegis verður í Safnamálum getið þess sem listasafninu berst af nýjum verkum og þau talin í áframhaldandi númeraröð.



*Einar Jónsson málarí.*

Listasafnið efndi til málverka-sýningar í Sæluvíku að venju. Ellefu félagar úr Myndhópnum á Akureyri sýndu þar 53 verk. Í sumar verður listasafnið opið á fimmtudagskvöldum og oftast ef þurfa þykir. Ráðgert er að sýningin, sem er í sýningarsal Safnahússins, standi fram á haust. Síðast var haldin sérstök sýning á verkum safnsins 1976, en einstakar myndir hanga þó jafnan uppi víða í Safnahúsinu.

Í janúarmánuði s.l. keypti listasafnið málverk eftir Einar Jónsson málara: *Sauðárkrókur 1899*. Mikill fengur er í þessari mynd, sem er



*Sauðárkrókur 1899. Málverk Einars Jónssonar.*

gott listaverk og hefur auk þess sögulegt gildi, þar sem hún er elzta málverk af Sauðárkróki, svo kunnugt sé. Af þessu tilefni er viðeigandi að gera grein fyrir listamanninum. Frá honum segir svo í Sögu Sauðárkróks eftir Kristmund Bjarnason:

„Árið 1896 flytur ungur málarameisteri og listmálari til Sauðárkróks frá Kaupmannahöfn, Einar Jónsson, fæddur að Fossi í Mýrdal hinn 17. apríl 1863, sonur hjónanna Guðnýjar Jónsdóttur og Jóns Einarssonar. Á unga aldri fékk hann mikinn áhuga á að teikna og fara með liti, en aðstæður til þeirra hluta erfiðar þá. Einar lærði trésmíði og lauk sveinsprófi í þeirri grein. Komst hann við það í náin kynni við málningu og liti, því að trésmíðir önnuðust þá alla málningarvinnu, enda engir málarar hérlandis. Að námi loknu gaf Einar sig æ meir að málarastarfanum og ákvað að gera hann að lífsstarfi sínu. Sigldi hann loks til Danmerkur til að afla sér sérþekkingar á því sviði. en í þá daga var mest alúð lögð við listræna málun, svo sem viðarstælingar, marmaramálun og hvers konar

skreytingar. Samhliða þessu námi gekk hann í listaskóla. Þar var þá meðal nemenda alnafni hans Einar Jónsson frá Galtafelli.

Árið 1897 kvæntist Einar Ingibjörgu Gunnarsdóttur, mjög listrænni konu, sem var ættuð af sömu slóðum og hann. Fyrstu þrjú búskaparárin bjuggu þau á Sauðárkróki, en fluttust til Akureyrar aldamótaárið. Tólmstundir sínar notaði hann til að mála myndir; helftin af málverkum hans frá Sauðárkróksárunum fórst í Oddeyrarbrunnum á Akureyri árið 1906, en þá missti hann aleigu sína.

Á aldarafmæli Einars árið 1963 var haldin sýning í Reykjavík á málverkum hans. Jóhannes S. Kjarval ritaði mjög vinsamlega um sýninguna, svo og ýmsir aðrir. Kjarval segir meðal annars: „Það er ein mynd á sýningu Einars Jónssonar listmálara, sem vekur máls — vatnslitamynd í skugga milli glugga — og á að vera þar —, svo að hún ekki upplitist við mikla birtu. Engan samanburð finn ég á þessari litlu mynd annan en gæti verið eftir hvaða meistara sem í hug kæmi fyrr og nú.“ Um fleiri málverk hans fer hann mjög lofsamlegum orðum. Í einkaeign eru enn til málverk frá Sauðárkróki eftir Einar.

Einar Jónsson var góður hagarðingur og mjög hraðkvæður, íþrótt- og fjallamaður mikill, og glæddi hann áhuga Sauðkræklinga á íþróttum.

Einar skreytti fjölda kirkna, svo sem Bólstaðarhlíðarkirkju, en það var fyrsta kirkjan, sem hann málaði. Einnig málaði hann leiktjöld, meðan hann dvaldist á Sauðárkróki, og er þess áður getið. Einar lézt árið 1922. Meðal barna þeirra hjóna eru Ragnhildur, kona Bjarna Jónssonar verkstjóra í Hamri, og Hjalti, málarameisteri í Reykjavík.“

*K. J.*

## Úr aðfangbók listasafnsins:

Nr. 35.

Elías B. Halldórsson:

*Á miðum.*

trérista

nr. 8 af 15 eintökum

65x78 cm.

Í ramma með gleri.

Merkt: 8/15 et, (Á miðum) '74

Elías B. Halldórsson.

Keypt í janúar 1979 af listamanninum.

Nr. 36.

Elías B. Halldórsson:

*Skagfirsk stemma.*

trérista

nr. 11 af 15 eintökum

65 x 78 cm

Í ramma með gleri.

Merkt: 11/15 et. (Skagfirsk stemma)

'74 Elías B. H.

Keypt í janúar 1979 af listamanninum.

Nr. 37.

Elías B. Halldórsson:

*Þingfundur.*

trérista

nr. 6 af 15 eintökum

65 x 78 cm

Í ramma með gleri

Merkt: 6/15 et. (Þingfundur) '74

Elías B. Halldórsson.

Keypt í janúar 1979 af listamanninum.

Nr. 38.

Einar Jónsson:

*Sauðárkrókur 1899*

olía

44,5 x 71,5 cm

Í ramma.

Merkt: Sauðárkrókur 1899 E.J.

Keypt í janúar 1979. Seljandi: Hjördís

Baldvins, Hávallaötu 49, Reykjavík.

Nr. 39.

Ragnar Lár:

*Hraungjá.*

vatnslitir

landslag

15 x 18,5 cm

Í Ramma með gleri.

Merkt: R. Lár 79

Látin sem greiðsla fyrir not af sýningarsal Safnahússins 2.-4. júní 1979.

Nr. 40.

Gunnar Friðriksson:

*Tvö andlit.*

krít

40 x 5 cm

Í ramma með gleri.

Merkt: Gunnar Friðriks 79.

Keypt á sýningu listamannsins í Safnahúsinu dagana 16.-19. júní 1979.

## Aldarminning Péturs Zophoniassonar ættfræðings

Hinn 31. maí s.l. voru liðin 100 ár frá fæðingu Péturs Zophoniassonar ættfræðings. Þykir hlýða, að Safnamál minnst hans nokkrum orðum.

Pétur var sonur hjónanna séra Zophoniasar Halldórssonar í Viðvík og konu hans Jóhönnu, dóttur Jóns háyfirdómara Péturssonar. Pétur ólst upp í foreldrahúsum, lauk gagnfræðaprófi frá Möðruvallaskóla 1898 og hélt síðan til Kaupmannahafnar til náms í verzlunarfræðum. Eftir að hann kom heim, vann hann lengst á Hagstofu Íslands eða frá 1915 til 1943, er hann fékk lausn frá störfum til að helga sig ættfræðirannsóknum alfarið.

Pétur var mikill félagshyggjumaður sem faðir hans. Einkum eiga



*Pétur Zophoniasson.*

skákíþróttin og bindindishreyfingin honum mikið að þakka, en kunnastur er hann Skagfirðingum fyrir störf í þágu ættvísinnar.

Áður en Pétur hvarf úr héraði ungur maður, hafði hann lagt drög að rannsóknnum skagfízkra ætta. Hann átti heldur ekki langt að sækja ættfræðiá hugann: Jón afi hans í fremstu röð ættfræðinga, gaf út Tímarit, um ættvísi (Rv. 1869-1873) og bjó til prentunar rit tengdaföður síns, Boga á Staðarfelli, I.b. Sýslumannaæfa.

Pétur Zophoniasson vann brautryðjendastarf með riti sínu Ættir Skagfirðinga 1910 (útg. 1914). Það var stórvirki, þótt ekki sé fyrir að synja, að í því riti er nokkuð af villum, sumum bagalegum. Hjá slíku verður aldrei komið í riti sem þessu. Pétur leiðrétti þær síðar og endurbætti rit sitt og jók við.

Pétur Zophoniasson var frá fyrstu tíð dyggur stuðningsmaður Sögufélags Skagfirðinga og í útgáfustjórn þess frá 1941 til dauðadags, 21. febrúar 1946.

Í gjörðabók Sögufélags Skagfirðinga 1941 segir m.a. svo: „Á fundi, sem útgáfunefndin og nokkrir úr stjórninni áttu með sér á Reynistað 20. september s.l. flutti Pétur Zophoniasson það sóma-boð frá Sturlu Jónssyni í Reykjavík, að hann byði sögufélaginu að gjöf handrit að sögu Víðivallamanna — Péturs prófests og afkomenda hans, er hann ætlar að láta semja nú. Var það með því skilyrði, að Sögufélagið gæfi fyrsta hefti hennar út á næsta ári . . . Samþykkt var í einu hljóði að taka þessu boði.“

Trúlega hefur þetta rit ekki verið samið, það kom að minnsta kosti aldrei út á vegum félagsins.

Á sama fundi gat Pétur Zophoniasson þess, „að hann mundi hafa fullbúið til prentunar næsta vor fyrsta hefti af nýrri útgáfu af Ættum Skagfirðinga . . .“

Þegar hér er komið sögu, fór heilsu Péturs að hraka. Þó mun honum hafa auðnast að ljúka að fullu endurskoðun Ætta Skagfirðinga.

Eftir lát Péturs keypti Sögufélag Skagfirðinga í félagi við sýslu-sjóð Skagafjardarsýslu handrit hans, þ.e. skagfízkra og þingeyskar ættartölur ásamt uppskriftum og athugunum hans, alls 17 bindi. Í

kaupunum fylgdi og safn ævisagna og minningarbæklinga frá 18., 19. og 20. öld.

Í safn Péturs Zophoniassonar hafa skagfízkir ættfræðingar löngum sótt til fanga og aðrir þeir, sem ritað hafa persónusögu. Safn hans er nú varðveitt í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, og er nægtabrunnur þeim, sem ættvísi unna.

K.B.

*Amaljötun Gudmundsdóttur  
sönn Gudm. Amaljötun. bls 140  
~ 13/6 1859 Eyrva Sölvadóttur. bls 93*

*Þóroddi Guðlaugsdóttur  
— Lauvgunnari*

*Þóroddi 1. Gudmundsdóttur f. 28/9 1859  
2. Sölvadóttur f. 27/7 1862 + 7/9 1862  
3. Helga Siguðsdóttur f. 7/8 1863 + 18/8 1863  
4. Amaljötun f. 11/9 1864 + 18/9 1864  
5. Elin f. 21/10 1860  
6. Gudrún Þórodd f. 22/11 1866*

*Sýnishorn úr ættartölusafni Péturs Zophoniassonar.*

## Sjálfboðastarf í þágu Héraðsskjalasafnsins

Björn Egilsson frá Sveinsstöðum þarf naumast að kynna með mörgum orðum. Hann hefur gert það með ritstörfum sínum. Um langt árabil hefur hann og gegnt ýmsum ábyrgðarstörfum í héraði,



*Björn Egilsson.*

setið í sýslunefnd og sinnt oddvitastarfi.

Björn lætur af því, að hann sé kallaður maður sérvitur. Hvað sem um það er, má fullyrða, að hann er sérstæður maður. Hann hefur verið sístarfandi langa ævi og er enn og jafnan farið vel að fé sínu, þó hefur hann hlotið þá einkunn samborgara, að honum hafi aldrei orðið neitt við hendur fast sökum fórnarlundar í þágu málefna, sem hann ber fyrir brjósti. Slík „sérvizka“ er af góðum toga, ef einhverjir vilja nefna örlæti og fórn-fýsi því nafni.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga stendur í mikilli

þakkarskuld við Björn. Áður hefur verið vikið að gjöfum hans til safnsins hér í ritinu og lauslega drepíð á störf í þágu þess. Þykir hlýða að víkja frekar að þeim.

Eftir 1950 var oftast en einu sinni gerður reki að innheimtu sýslunargagna úr héraðinu. Uppskeran reyndist nauðarýr. Þótti sýnt, að annarra bragða yrði að leita. Birni Egilssyni var ljós nauðsyn þess, að slík gögn innheimtust. Því var það á sýslufundi 1973, að Björn vekur máls á þessu og býðst jafnframt til þess að fara um byggðir Skagafjarðar þessara erinda. Naumast þarf að geta þess, að hann hugði ekki til launa fyrir þann starfa. Síðla sama ár hóf Björn yfirferð sína, og næstu fjögur ár færði hann föng til safnsins svo að segja mánaðarlega.

Björn gerði sér oft ferðir um sum byggðarlög, kvaddi jafnvel dyra á næstum því hverjum bæ í sumum sveitum, ef hann vissi þar handrita von, því hann lét ekki þar við sitja að safna gögnum um hvers konar opinbera stjórnsýslu. Hann var og á hnotskóg eftir félagsmálalegum heimildum, svo sem gömlum gjörðabókum lestrarfélaga, ungmennafélaga, bindindisfélaga að ógleymdum sveitarblöðum; rímum, bréfasöfnum, sagnaþáttum, dagbókum o.s.frv. Sætir furðu, hve fengsæll hann var, og ber slíkt vitni lofsverðum skilningi gefenda, sem oft létu af hendi forna ættargripi.

Það er auðsætt mál, að safnið væri vart svipur hjá sjón, ef Björns Egilssonar hefði ekki notið við. Það hafði ekki og hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að kosta menn í slíkar yfirreiðir.

Stjórn Héraðsskjalasafns Skagfirðinga færir Birni hugheilar þakkir fyrir vel unnin störf.

*K.B.*

HANNES PÉTURSSON:

## Drepið á vísnaöfnun

Andrés skáld Björnsson ritaði á sínum tíma stutta en snjallorða blaðagrein um alþýðuvísur. Hann var listasmiður á vísur, eins og allir þekkja, og segir í greininni margt vel til fundið um vísnaöfnun Íslendinga. Greinin er þó rituð jafnframt í því skyni að kalla eftir vel kveðnum, óprentuðum alþýðuvísnum meðal lesenda, og sést á því, að hann bjó sig undir að hefja söfnun þeirra. Mér er ókunnugt um undirtektirnar, en hygg að þær hafi verið daufar.

Lausavísur á íslenzku undir rímnaháttum eru til frá því fyrir síðaskipti, og varð sægur þeirra ótrúlegur, þegar tímar liðu fram. Andrés Björnsson segir með réttu, að „langmestur hluti alls þess, sem ort hefir verið hér á landi, eru lausavísur,“ mæltar fram „við öll hugsanleg tækifæri“. Þó var það svo, að skipuleg skráning þeirra lenti í útideyfu, og það er ekki fyrr en á þessari öld að til verða mjög stór vísnaöfn, sem sumpart eru ennþá í einkaeign, en hafa sumpart verið fengin söfnum til varðveislu. Engu að síður er það ósmátt, sem geymzt hefur af vísnum í uppskriftum hingað og þangað innan um annan kveðskap, og vísnaöfn er dreifður á prenti. En því miður hafa safnarar flestir tekið of laust á viðfangsefni sínu, og má þó sízt vanþakka ósvikinn áhuga þeirra á björgun vísna. Án hans væri miklu meira farið í súginn en raun er á.

Af þeim vísnaöfnum, sem ég hef blaðað í gegnum í Landsbókasafni, virðist mér safn Guðmundar Davíðssonar frá Hraunum í Fljótum (f. 1866, d. 1942) fræðilegast og hagfelldast úr garði gert.

Hann hefur þann hátt á að skrásetja hverja vísu á sérstakt blað, og er þeim raðað í stafrófsröð eftir upphafsorði. Hann gætir þess jafnan að taka fram öll atriði, sem honum eru kunn og koma vísunni við: höfundarnafn, aldur og tildrög í fáum orðum og skýrum, nafn heimildarmanns, einnig dagsetningu, þ.e. hvenær hann nam vísuna eða festir hana á pappír. Geti hann ekki feðrað vísu, nefnir hann, hvar hann hafi náð í hana eða hvaðan hún muni ættuð af landinu. Sömuleiðis skráir hann tilbrigði í orðalagi, að aðrir hafi vísuna á þennan veg en ekki hinn.

Eins og að líkindum lætur, er allur fróðleikur af því tæi, sem Guðmundur Davíðsson tíundar, mjög ákjósanlegur, beinlínis nauðsynlegur, þegar við tækifærisvísur er að fást. Án tildraga og tímasetningar geta þær misst líf og lit. Eins er áriðandi, að nafngreindur sé heimildarmaður, því vísnum hættir til að breytast á ferð sinni byggð úr byggð, og geyma uppskriftir, oft frá sínu landshorninu hver, því talsverðan orðamun. Getur þá reynzt snúid að kveða á um frumgerðina eða þá gerðina, sem næst liggur frumgerð, en langtum er það auðveldara, séu heimildarmenn kunnir, þá er hægt að meta þá jafnhliða, t.d. hversu nærri þeir hafi staðið höfundi. Guðmundur á Hraunum kemur oft í veg fyrir þessi vandkvæði með því að láta þess getið að vísa sé í uppskrift hans eftir sögn höfundar sjálfs.

Enda þótt oft og einatt sé þreytandi að gera sér grein fyrir tækifærisvísnum, sem standa bláberar í handritum, með höfundarnafni einu saman, sannanlega skökku á stundum, þá er samt ekki hægt annað en undrast það minni, sem býr á bak við hin stóru lausavísnaöfn. Ímynda ég mér, að yfirgnæfandi meirihluti vísna frá fyrri tíð, sem gekk í munnmælum, sé nú kominn á blað, sé einhvers staðar til í uppskriftum og á prenti. Líklega hefur engin vísa, sem varð *fleyg* um landið, hafnað í gleymsku. Hitt er jafnvíst, að margar góðar vísur, sem urðu ekki fleygar, fóru undir kistulok með þeim, sem kunnu þær síðastir. Einnig hefur mikið glatazt (og gerir minna til) af þeim vísnamálum, sem flugu fyrir á bæjum, við útiverk eða á ferðum, en ekkert höfðu við sig, geymdu enga hugmynd eða eftirtektarverða athugasemd, skáru sig ekki úr að neinu



leyti um orðfæri eða brag. Þó er kostulegt, hversu mikið af slíku hefur verið skrásett, leiðinlegum vísum sem engu máli skipta. Því er líkast, að mönnum hafi þótt það, sem ekkert var, skána við það eitt að færast í bundið mál af hversdagslegustu tegund.

Úr „Riti Þjóðfræðafélags Íslendinga“ 1972. Hér endurprentað nokkuð styt.

Tilflyminnar guð mjöt gaf  
og gafu eftir vonum.  
Jeg hef fondað ylinu af  
ásmara mamma konum.

Þundum var á milli mjötu,  
má það vera ókannað.  
Það er oflasið eftirsoði  
sem á að vera samað.

Úr ljóðasýrþum Hjörleifs Jónssonar á Gilsbakka. Eiginhandarrit.

EIRÍKUR RÖGNVALDSSON:

## Héraðsbókasafn Skagfirðinga

### Hlutverk þess og starfsemi

#### I. Inngangur<sup>1</sup>

Hvert er hlutverk almenningsbókasafns?

Þetta kann nú að virðast heldur ófróðlega spurt. Og víst er auðvelt að svara með tilvitnun í lög um almenningsbókasöfn, ellagar í Orðabók Háskólans. Loks er einfaldlega hægt að svara því til, að almenningsbókasafn sé bókasafn ætlað almenningi. Þar með er raunar komið að kjarna málsins. En hvaða þjónustu veitir safnið þessum notendum sínum; og á hvern hátt notfæra þeir sér þá þjónustu sem í boði er? Þessari spurningu er öllu erfiðara að svara, enda svörin eflaust mjög mismunandi eftir því hvaða safn á í hlut.

Hér á eftir er gerð tilraun til að svara þessari spurningu hvað varðar Héraðsbókasafn Skagfirðinga. Ekki er um að ræða neina heildarúttekt á starfsemi safnsins, aðeins nokkrar laustengdar at-  
huganir á einstökum þáttum hennar; bóka kaupum, fjölda og skiptingu útlána, fjölda lánþega o.fl. Athugunartíminn er árin 1957-1978. Hann miðast við, að frá 1957 eru elztu skrár um útlán safnsins. Heimildir mínar eru einkum ýmsar skrár bókasafnsins, flestar óprentaðar og misjafnlega aðgengilegar.

Kannanir á lestrarvenjum hafa nokkrar verið gerðar hér á landi á síðustu árum; má vísa til greinar Hrafnhildar Hreinsdóttur í Skírni

<sup>1</sup> Þessi grein var upphaflega samin á skömmum tíma sem prófritgerð, og birtist hér lítið breytt. Þeim sem vilja kynna sér sögu Héraðsbókasafns Skagfirðinga skal bent á ritlinginn „Þrjú greinarkorn um safnamál á Sauðárkróki“, sem gefinn var út 1977.

1978 varðandi lýsingu á þeim. Athugun mín á nokkuð skylt við þessar kannanir, þótt hún sé vitaskuld margfalt umfangsminni. En vegna þess að mér er ekki kunnugt um að samsvarandi athugun hafi áður verið gerð hér á landi, hætti ég á að birta niðurstöður mínar, í þeirri von að einhver finni þar fáeina fróðleiksmola. Ég geri mér hins vegar ekki háar hugmyndir um vísindalegt gildi ályktana minna.

## II. Bókaval og flokkun útlána

Af bókavali safnsins ætti að mega ráða talsvert um það, hvaða hlutverk forráðamenn þess ætla því. Bókaöflun safnsins er á margan hátt dýrari og erfiðari en safna á höfuðborgarsvæðinu, einkum hvað varðar fágætar bækur. Fjárhagur safnsins sníður því líka þröngan stakk, og fjárskortur bitnar oft harðast á bókakaupum, þar eð aðrir útgjaldaliðir eru fastari. Safnið kaupir nær ekkert af bókum á erlendum málum. Bókavalið mótast líka nokkuð af því, að í

Tafla I.

Flokkur	1957		1967		1977	
	HbS	Alls	HbS	Alls	HbS	Alls
000 (Bókfræði o.fl.)		9		14	3	17
100 (Heimspeki og skyldar greinar)	1	10	8	12	12	14
200 (Trúarbrögð)		20		17	15	15
300 (Samfélagsmálefni)	5	113	3	169	19	184
400 (Tungumál)		15		17	5	13
500 (Raunvísindi)	3	12	9	29	8	36
600 (Tækni og hagnýtt vísindi)	1	58	6	119	8	116
700 (Listir, skemmtanir, íþróttir)	13	29	6	26	11	52
800 (Bókmenntir, sjá þó 813 og B800)	29	82	75	86	102	104
813 (Þýddar skáldsögur)	67	61	87	81	80	76
B800 (Skáldbókmenntir fyrir börn)	29	63	100	77	148	103
900 (Sagnfræði, landafr., ævisögur)	49	73	92	85	101	72
Alls	197	545	386	732	512	802

bænum hefur enginn framhaldsskóli verið, og því minni not fyrir ýmsar fræðibækur en ella.

Í töflu I eru sýnd bókakaup safnsins eftir stærstu efnisflokkum árin 1957, 1967 og 1977. Til samanburðar eru birtar tölur yfir heildarútgáfuna í hverjum flokki sömu ár. Þær bækur, sem Héraðsbókasafn Skagfirðinga kaupir hvert ár um sig, þurfa þó auðvitað ekki allar að vera útgáfubækur sama árs, og ber að hafa það í huga við samanburð talnanna.<sup>1</sup>

Það er greinilegt af töflu I, að safnið leggur aðaláherzlu á bókakaup úr flokkunum 800 og 900, eins og eðlilegt er um almenningsbókasafn. Fjöldi keyptra bóka úr þessum flokkum er svipaður heildarútgáfunni eða meiri árið 1977. Á hinn bóginn hafa kaup ýmissa rita úr flokkunum 100-700 nokkuð verið aukið á undanförunum árum. Þess ber einnig að geta hér, að mikill hluti útgáfunnar í flokkunum 300 og 500-700 er ýmis sérrit og skýrslur, sem aldrei koma á almennan markað, enda aðeins ætluð takmörkuðum hópi fólks.

Til nánari glöggvunar á bókakaupum safnsins er hér birt tafla úr Íslenskri bókaskrá 1977 um bókaútgáfuna það ár. Á þessa töflu, sem hér er nr. II, hefur verið bætt upplýsingum um, hve margar útgáfubækur þess árs úr hverjum flokki Héraðsbókasafn Skagfirðinga átti í árslok 1978. Einnig er reiknað út, hve stór hluti heildarútgáfunnar í hverjum flokki er í eigu safnsins.

Niðurstaðan er hér hin sama og úr töflu I; hlutfallstalan er hæst í flokkunum 800 og 900. Nokkuð há hlutfallstala er líka í flokknum 700 (listir — skemmtanir — íþróttir), og undirflokknum 390 (þjóðsiðir — þjóðsögur — þjóðtrú). Ef skoðað er nánar, hvaða bækur safnið á úr flokkunum 000 — 700, koma enn frekari einkenni almenningsbókasafns í ljós. Til dæmis teljast allar bækur, sem safnið á úr flokknum 100, til undirflokksins 130 (alþýðleg sálarfræði — dulsálarfræði — dulfræði), þ.e. hinna svokölluðu „dulrænu bóka“, sem eru mjög vinsælar hér á landi. Margar fleiri þeirra bóka,

<sup>1</sup> Tölur um heildarútgáfuna 1957 og 1967 byggjast á lauslegri talningu minni í ritaskránni í Árbók Landsbókasafnsins; en tölur fyrir 1977 eru fengnar úr Íslenskri bókaskrá 1977, og eru óendurskoðaðar.

Tafla II.

Flokkstala	Efnisgreinar	Heild- arútg.	Héraðs- bókas- Skagf.	% af heildar- útg.
000	Bókfræði o.fl. ....	17	4	23.5
100	Heimspeki og skyldar greinar ....	14	4	28.6
200	Trúarbrögð ....	15	1	6.7
300/310	Þjóðfélagsfræði, Tölfræðiskýrslur ....	10		
320/330	Stjórnsmál, Hagfræði, Vinnumál ....	57	4	7.0
340/360	Lögfræði, Framkvæmdavald, Opniber stjórnsýsla, Félagsmál, Tryggingar ....	28	1	3.6
370	Fræðslumál ....	59	2	3.4
380	Samgöngu- og viðskiptamál, Póstur og sími ....	16		
390	Þjóðsiðir, Þjóðsögur, Þjóðtrú ....	14	6	42.9
400	Málfræði ....	13	1	7.7
500/509 520/590	Stjórnufræði, Tímatal, Eðlisfræði, Efn- fræði, Jarðvísindi, Lífvísindi, Þjóð- flokkafræði, Mannfræði, Grasafræði, Dýrafræði ....	32	2	6.3
510	Stærðfræði ....	4		
600/609	Tækni og hagnýtt vísindi ....	2		
610	Læknisfræði og skyldar greinar ....	13	2	15.4
620 660/690	Verkfræði og skyldar greinar, Efnaiðn- aður, Iðnaður, Frumvinnsla ....	55	1	1.8
630	Landbúnaður, Fiskveiðar, Nytjun villtra dýra ....	31	3	9.7
640	Heimilishald og þjónusta ....	7		
650	Skrifstofuhald, Bókhald, Rekstur fyrir- tækja ....	8		
700/780 791/792	Listir ....	23	9	39.1
790 793/799	Skemmtanir, Íþróttir ....	29	6	20.7
800/808.7 -09	Bókmenntasaga, Bragfræði, Stílfraði ..	8	5	62.5
[800] -1	Ljóð ....	52	13	25.0
[800] -2	Leikrit ....	5	2	40.0
[800] -3	Skáldsögur, Smásögur ....	206	127	61.7
[800] -4	Ritgerðir ....	8	5	62.5
[800] -6	Sendibréf ....	-		
[800] -7	Fyndni ....	-		
[800] -8	Safnrít ólíks bókmenntaforms ....	4		
900/909 930/990	Sagnfræði ....	25	17	68.0
910	Landfræði, Fornleifafræði ....	15	7	46.7
920	Ævisögur, Ættfræði, Fánar ....	32	25	78.1
		802	245	30.5

sem safnið á úr flokkunum 000 — 700 eru gefnar út og seldar hér sem afþreyingar- og skemmtilestur; má þar nefna *Heimsmetabókina þína, Sakamál 1081* eftir Karl Schütz o.fl., *Gamla bíla* eftir D. B. Wise og eflaust fleiri bækur. Einnig kaupir safnið ýmsar bækur, sem í vitund almennings teljast fremur til alþýðlegrar sagnfræði en fræðibóka, s.s. *Skútuöldina* eftir Gils Guðmundsson og *Til fiskiveiða fóru* eftir Harald Sturlaugsson og Sigurdór Sigurdórsson.

Blöð og tímarit eru ekki tekin með í Íslenzka bókaskrá, og því sleppt hér. Þess má þó geta, að safninu berast reglulega þrjú dagblöð, nokkur héraðsblöð og 50-60 tímarit, bæði almenns efnis og ýmis sérreit.

En bókakaup safnsins segja ekki nema hálfra söguna; nauðsynlegt er að vita einnig hvernig bókakosturinn nýtist. Í töflu III má sjá fjölda útlána safnsins á árunum 1957-1978, og skiptingu þeirra eftir efnisflokkum.

Það er einkum athyglisvert við þessa töflu, hve hlutur bókmennta (þ. e. aðallega skáldsagna) í útlánum eykst á kostnað sagnfræði og annarra greina. Útlán bóka úr 800-flokknum voru að meðaltali 78.1% heildarútlána fyrstu 5 árin, sem taflan nær til; en eru komin upp í 85.3% síðustu 5 árin. Á sama tíma hefur hlutfall sagnfræði lækkað úr 14.5% í 10.1%, og hlutfall annarra flokka úr 7.4% í 4.6%. Hlutfall bókmennta í bókakaupunum helzt þó svipað (63.5% 1957, 64.5% 1977), og hlutfall þýðdra skáldsagna lækkar að mun (úr 47.2% 1957 í 37.5% 1977); en erlendar skáldsögur eru einmitt meginhluti bókmenntaútlánanna (68.3% 1971, en síðan þá eru elztu tölur um skiptingu 800-flokksins; en fór í 77.5% 1977<sup>1</sup>). Þetta er þeim mun athyglisverðara sem ætla mætti, að erlendar skáldsögur þyrftu örrar endurnýjunar við vegna mikillar notkunar.

Af þessum tölum má draga tvær ályktanir. Sú fyrri er, að hlutur afþreyingarbókmennta í útlánum safnsins hefur aukizt talsvert. Erlendu skáldsögurnar eru flestar af þeim toga, og meginhluti útlána íslenzku skáldsagnanna einnig (Guðrún frá Lundi og Ingi-

<sup>1</sup> Þessar tölur eru ekki sambærilegar að öllu leyti, því að barnabækur eru meðtaldar í útlánatölunni, en ekki tölu keyþra bóka.

björg Sigurðardóttir hafa um árabíl verið útlánahæstar íslenskra rithöfundar í safninu). Freistandi er að tengja þessa aukningu afþreyingarlesefnis komu sjónvarpsins, sem náði til Skagafjarðar haustið 1968. Næstu ár á undan hafði hlutur bókmenntaflokksins í heildarútlánunum verið um 80% að meðaltali, en rauk svo skyndilega upp í 85% og er enn. Munurinn er þó varla nógu afgerandi til að um þetta verði nokkuð fullyrt.

Önnur ályktun, sem draga má af þessum töflum er sú, að bókasafnið streitist á móti; þótt hlutur erlendra skáldsagna aukist sífellt

Tafla III.

Ár	000	100	200	300	400	500	600	700	800	900	Alls
1957	8	14		77	11	9	13	218	2964	532	3846
1958	287	13	21	35	27	27	14	76	3551	658	4709
1959	267	23		16		8	11	57	4094	778	5254
1960	136	22	8	46		21	83	79	4803	890	6088
1961	11	30	16	52		15	19	206	5420	995	6764
1962	114	81	15	14		2	7	71	5608	1002	6914
1963	69	38	7	32		12	3	88	4744	869	5862
1964	73	47	13	36		7	12	173	4607	1078	6046
1965	35	42	9	29		3	31	76	5723	1205	7153
1966	117	75	7	16		9	12	157	6733	1014	8140
1967	121	112	3	19	3	2	16	103	6956	1063	8398
1968	196	102	2	27		9	17	111	6816	1237	8517
1969 <sup>1</sup>											ca. 6000
1970	58	98	12	124	2	11	5	19	10308	1252	11889
1971	118	123	9	92	3	16	34	74	9799	1265	11533
1972	128	119	26	84	3	21	14	103	11783	1791	14072
1973	621 <sup>2</sup>	190		144					12414	1698	15067
1974	21	203		252		32		21	13576	1861	15966
1975	212	222	5	223		54	5	28	15766	2327	18842
1976	515	164	31	282	2	59	56	23	17561	2308	21001
1977	437	142	30	251	4	93	86	55	21127	2037	24262
1978	459	255	60	319	1	137	147	97	23301	2275	27051

<sup>1</sup> Flutningur safnsins í nýtt húsnæði stóð yfir þetta ár, og var safnið því lokað lengi og útlánaskrár vantar. Tala heildarútlána er áætluð.

<sup>2</sup> Hér virðast innifaldar útlánatölur flokkanna 200 og 400-700.

í útlánunum safnsins, minnkar hann í innkaupum þess. Aukin áherzla virðist vera lögð á kaup íslenskra bókmennta og sagnfræðiritra, svo og ýmissa annarra fræðibóka. En að sjálfsögðu verður sífellt að taka mið af fjárhag safnsins og óskum notenda þess.

### III. Lánþegar og fjöldi útlána

Útlánunum Héraðsbókasafns Skagfirðinga hefur fjölgað mjög ört. Þótt íbúatala bæjarins hafi ekki hækkað nema um 77.9% frá 1957-1977, fjölgaði útlánunum safnsins á sama tíma um 530.1%. Lánþegum hefur einnig fjölgað að mun, en þó ekki eins og útlánunum (378.6% frá 1957-1977). Í töflu IV er sýndur íbúafjöldi Sauðárkróks og fjöldi lánþega árin 1957-1977; einnig hlutfall lánþega af íbúafjölda bæjarins, útlán á íbúa og útlán á lánþega.

Hér er það helzt athyglisvert, hve hlutfallstala lánþega af íbúafjölda hefur hækkað á síðari árum, úr rúmum 10% árið 1957 í fjórðung 1977. Fjöldi útlána á hvern lánþega stendur hins vegar um það bil í stað þar til 1975, er hann hækkar nokkuð.

Tafla IV.

Ár	Fjöldi íbúa	lánþ.	% af íbúafj.	Útlán á íbúa	lánþ.	Ár	Fjöldi íbúa	lánþ.	% af íbúafj.	Útlán á íbúa	lánþ.
1957	1125	126	11.2	3.4	30.5	1968	1446	195	13.5	5.9	43.7
1958	1105	130	11.8	4.3	36.2	1969 <sup>2</sup>	1507				
1959	1175	147	12.5	4.5	35.7	1970	1600	315	19.7	7.4	37.7
1960	1205	137	11.4	5.0	44.2	1971	1649	337	20.4	7.0	34.3
1961	1249	154	12.3	5.4	43.9	1972	1669	386	23.1	8.4	36.5
1962	1302	197	15.2	5.3	34.9	1973	1750	399	22.8	8.6	37.8
1963	1326	148	11.2	4.4	39.6	1974	1767	411	23.3	9.0	38.8
1964	1348	191	14.2	4.5	31.7	1975	1805	378	20.9	10.4	49.8
1965	1396	215	15.4	5.1	33.3	1976	1898	433	22.8	11.1	48.5
1966 <sup>1</sup>	1416			5.7		1977	2001	493	24.6	12.1	49.2
1967	1404	242	17.2	6.0	34.7						

<sup>1</sup> Skýrslur vantar um fjölda lánþega.

<sup>2</sup> Skýrslur vantar bæði um fjölda lánþega og útlána.

Mér er ekki ljóst, hvernig skýra skal þessa miklu hlutfallslegu fjölgun lánþega. Hluti hennar stafar þó af því, hve börnum innan 10 ára hefur fjölgað, eins og síðar kemur fram. Hins vegar mun hin skyndilega fjölgun útlána á hvern lánþega 1975 stafa af því, að það ár var bókum, sem hver lánþegi mátti taka í einu, fjölgað úr tveimur í fjórar.

Af þessum tölum má álykta, að safnið hafi a.m.k. að nokkru leyti náð tilgangi sínum; það hefur náð til fólksins. Það hlýtur að teljast mjög gott að fjórði hver íbúi kaupstaðarins sæki bókasafnið. (Þetta er að vísu ekki alveg rétt tala. Hún myndi lækka um 3-4% ef lánþegum utan Sauðárkróks væri sleppt. En á móti kemur fjöldi skólafólks, sem er í burtu allan veturinn og kemur því aldrei í safnið.) Lánsskírteini þarf að endurnýja á hverju ári, og þau eru dýrari en víðast annars staðar (1000 kr. fyrir fullorðna, og hefur verið óbreytt síðan 1975), þannig að tala lánþega er raunhæf.

En meðaltöl geta verið mjög villandi. Þeir lánþegar eru til, sem fá fleiri hundruð bóka í safninu á hverju ári; aðrir fá aðeins örfáar. Um þetta eru engar tölur til.

Tölur vantar líka um skiptingu útlána milli barna og fullorðinna. Börn innan 15 ára eru 43.6% lánþega árið 1977, en hlutur þeirra í útlánum er mun minni; varla öllu meiri en fjórðungur. Börnin virðast mun óstöðugri lánþegar; þau koma stundum reglulega í nokkurn tíma, en sjást síðan ekki svo vikum eða mánuðum skiptir. Aftur á móti kemur margt fullorðið fólk í bókasafnið með reglulegu millibili árum saman.

Fróðlegt væri að vita, hverjir notfæra sér þjónustu bókasafnsins; hvaða aldurs- og starfshópar lesa bækur þess. Um það eru að sjálfsögðu engar tölur til. En í töflu V kemur fram skipting handhafa lánsskírteina eftir kyni og aldri árin 1962 og 1977, eftir því sem næst varð komið.

Þessar tölur segja að sjálfsögðu ekkert ákveðið um, hverjir lesa bækurnar í raun og veru. Þó má gera ráð fyrir, að sá heimilismaður, sem mest les, komi helst í bókasafnið og sé þar af leiðandi skráður fyrir skírteininu; þannig að tölurnar gefa a.m.k. nokkra vísbendingu.

Tafla V.

1962	0-9	10-14	15-19	20-29	30-39	40-49	50-59	60-	Óvíst	Alls
Konur	31		11	12	11	4	4	8	13	94
Karlar	25		13	24	11	6	8	3	13	103
Alls	4	52	24	36	22	10	12	11	26	197

  

1977	0-9	10-14	15-19	20-29	30-39	40-49	50-59	60-	Óvíst	Alls
Konur	111		43	45	22	11	16	28	6	282
Karlar	104		12	30	10	23	10	18	4	211
Alls	122	93	55	75	32	34	26	46	10	493

Helztu breytingarnar á þessum 15 árum virðast vera þær, að hlutfall barna og fólks yfir sextugt hefur hækkað að mun. Mest munar þar um börn innan 10 ára aldurs; þau eru rúm 2% lánþega 1962, en nær fjórðungur 1977. Erfitt er að segja hvað veldur þessari gífurlegu aukningu. Þó mun aðstaða barna hafa verið slæm í fyrra húsnæði bókasafnsins; og einnig hefur útgáfa bóka fyrir þennan aldursflokk sennilega stórukízt síðustu árin, þótt um það skorti mig tölur. Ástæða fjölgunar eldra fólks í lánþegahópnum er e. t. v. sú, að fólk hætti nú að vinna yngra en áður.

Hlutfall milli annarra aldursflokka helst svipað, nema fólki frá 40-49 ára hefur fjölgað nokkuð. Upplýsingar vantar um, hvert hlutfall hvers aldursflokks er í heildaríbúafjölda bæjarins. Mér þykir líklegt, að hlutfall lánþega af heildarfjöldanum sé nokkuð svipað frá 5-59 ára, en fari þó smám saman lækkandi eftir því sem ofar dregur í aldri.

Hlutfall milli kvenna og karla í lánþegahópnum hefur einnig breytt á tímabilinu. Árið 1962 voru konur 47.7% lánþega, en voru orðnar 57.2% 15 árum síðar. Það er einkum í aldursflokkunum 15-39 ára, sem hlutfallið hefur snúizt við. Skýringar á þessu eru eflaust margar, og liggja ekki allar í augum uppi. Sjálfsagt tengist þetta þeim jafnréttishreyfingum, sem verið hafa í þjóðfélaginu undanfarin ár. Færri börn og fleiri heimilistæki gætu einnig stuðlað að auknum frítíma kvenna, sem nýttur væri til lestrar.

Fróðlegt hefði verið að kanna einnig skiptingu lánþegahópsins eftir starfsstéttum, en það reyndist ókleift á skömmum tíma. Við

lauslega athugun sýndist mér þó, að árið 1977 hefðu flestir lánþegar undir tvítugu verið skólafólk, og flestir lánþegar yfir sextugu elli-lífeyrisþegar, sem hættir voru að vinna. Stærstur hluti annarra lánþega virtist vera verkafólk, iðnverkafólk og verzlunarfólk, enda edlilegt miðað við atvinnuhætti á staðnum. Nær engir lánþegar komu úr hæstu stéttunum, þ.e. háskólamenntaðra manna (að vísu eru þeir ekki margir í bænum), framkvæmdastjóra o.þ.h. Má því ætla, að fólk úr þeim stéttum kaupi sjálft þær bækur, sem það hefur áhuga á.

Fjölmarginir aðrir þættir væru forvitnilegir til rannsóknar; t.d. hvaða samband er milli kyns og aldurs lánþega annars vegar og útlána eftir flokkum hins vegar. En um þetta, og margt fleira, vantar skýrslur, og því verður ekki um það fjallað hér. Mér virðist þó sem eldra fólk lesi meira af ævisögum og þjóðlegum fróðleik, enda má það teljast edlilegt og samræmist niðurstöðum Hrafnhildar Hreinsdóttur.

#### IV. Niðurstöður

Ég hef nú gert grein fyrir þeim athugunum, sem ég gerði í því skyni að leita svars við spurningum er fram voru bornar í upphafi. Þessar athuganir ná þó aðeins til eins safns, og óvíst er að það sé dæmigert fyrir íslensk almenningsbókasöfn. Eina vísbendingin, sem ég hef handbæra um það, er útlánafjöldinn. Í töflu VI kemur fram fjöldi útlána á íbúa árið 1975 í þeim bæjum með 1000—5000 íbúa, sem skýrslur voru til um.

Útlán Héraðsbókasafns Skagfirðinga á hvern íbúa virðast vera nokkuð yfir meðallagi; annars er hlutfallið mjög breytilegt. En þetta atríði virðist a.m.k. ekki útiloka að safnið sé tekið sem dæmigert. Það skal ég þó ekki gera, og miðast niðurstöður mínar við það eitt, án nokkurrar kröfu um almennt gildi.

Hlutverk Héraðsbókasafns Skagfirðinga er fyrst og fremst á sviði skemmtunar og afþreyingar, og þess háttar notkun safnsins eykst stöðugt. Reynt virðist vera að byggja upp nokkurn bókakost á

Tafla VI.

Kaupstaður	Íbúafj.	Útlán <sup>1</sup>	Á íb.	Kaupstaður	Íbúafj.	Útlán <sup>1</sup>	Á íb.
Seltjarnarnes	2564	46010	17.9	Siglufjörður	2056	17005	8.3
Akranes	4629	38735	8.4	Dalvík	1197	13374	11.2
Borgarnes	1390	15667	11.3	Húsavík	2189	15661	7.2
Stykkishólmur	1160	5592	4.8	Neskaupstaður	1672	15206	9.1
Patreksfjörður	1025	6263	6.1	Höfn	1198	8538	7.1
Bolungarvík	1055	4365	4.1	Vestmannaeyjar	4421	45060	10.2
Ísafjörður	3100	27247	8.8	Selfoss	2966	41939	14.1
Sauðárkrókur	1805	18842	10.4	Njarðvíkur	1729	7986	4.6
				Garðabær	4108	34836	8.5

ýmsum fræðasviðum, en þær bækur nýtast lítið. Notendur safnsins eru á öllum aldri og úr ýmsum starfsstéttum; þó eru fáir úr efstu stéttunum.

Bókasafn á að vera menningarmiðstöð; og vissulega er Héraðsbókasafn Skagfirðinga það. Það á gott safn íslenzkra bókmennta fornra og nýrra, og ýmissa alþýðlegra fræðiritra. Því má heldur ekki gleyma, að þetta er *almennings*bókasafn, en ekki rannsóknarbókasafn. Það er svo sífellt matsatriði, hve langt almenningsbókasafn á að ganga til móts við notendur sína; hvort það á einungis að kaupa bækur, sem eru lesnar, eða stefna að því að koma upp safni misjafnlega alþýðlegra fræðiritra og handbóka. Ég læt öðrum eftir að svara þeirri spurningu.

<sup>1</sup> Útlánatölur eru fengnar úr Bókasafninu, 1. tbl. 3. árg. 1976.

## Heimildir

- Bókasafnið*. 1. tbl. 3. árg. 1976.  
Hagstofa Íslands: *Mannfjöldaskýrslur árin 1951-60*. Gefið út af Hagstofu Íslands. Rv. 1963. (Hagskýrslur Íslands, II, 30.)  
Hagstofa Íslands: *Mannfjöldaskýrslur árin 1961-70*. Gefið út af Hagstofu Íslands. Rv. 1975. (Hagskýrslur Íslands, II, 61.)  
Hagstofa Íslands: *Sauðárkrókur. Íbúaskrá 1. desember 1962/1977*.  
*Hagtíðindi*. Gefin út af Hagstofu Íslands. 59. árg. nr. 9 1974; 60. árg. nr. 8 1975; 61. árg. nr. 7 1976; 63. árg. nr. 6 1978.  
*Héraðsbókasafn Skagfirðinga*: Aðfangabækur; lánþegaskrár; útlánaskrár; ýmsar aðrar skrár og skjöl, flest óprentað og í vörzlu safnsins.  
Hrafnhildur Hreinsdóttir: 2141 lesandi. *Skírnir* 1978, s. 25-60.  
Landsbókasafn Íslands. *Árbók* 1957-1958. XIV-XV. ár. Rv. 1959.  
Landsbókasafn Íslands. *Árbók* 1968. XXV. ár. Rv. 1969.  
Landsbókasafn Íslands. Þjóðdeild: *Íslensk bókaskrá*. 1974/1975/1976/1977. Útgáfu annast Landsbókasafn Íslands, þjóðdeild. Rv. 1975-8.  
Þjónustumiðstöð bókasafna: *Bókaskrá 1944-73*. I. Stafrófsskrá. Rv., Þjónustumiðstöð bókasafna, 1978.

Fleygið ekki bókaslitrum, gömlum blöðum eða skrifuðum gögnum án samráðs við safnaverðina. Látið söfnin njóta þess, sem nýtilegt kann að vera. Þau gera orð skáldsins að sínum:

Ég vinn úr því, sem aðrir vilja ekki nýta:  
Í arinkerslum leynist löngum lagleg spýta.

*Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.*  
*Héraðsbókasafn Skagfirðinga.*

## Úr Héraðsskjalasafni

### Bréf úr Vesturheimi

Síðasta fjórðung 19. aldar fluttist fjöldi Íslendinga vestur um haf til Kanada og Bandaríkjanna með þá bjargföstu trú í brjósti, að þar biði þeirra hjartari framtíð en í átthögunum. Orsakir þessara búferlaskipta voru margvíslegar, nefna má landþrengsli, stöðug harðindi, vistarband, Öskjugos og ævintýraþrá. Sumir fóru nauðugir fyrir atbeina sveitarstjórna. Margir fóru úr öskunni í eldinn, aðrir settust að sama borði vestra og hér heima, ýmsir komust í álnir.

Héraðsskjalasafnið á ýmis gögn úr forum Vesturfara, einkum bréf og myndir. Hér fer á eftir eitt slíkt bréf. Höfundur þess er Þórarinn Jónsson, sonur Jóns Jónssonar bónda og hreppstjóra á Hóli og Bessastöðum í Sæmundarhlíð (1802-1904) og konu hans, Sigríðar Magnúsdóttur (1828-1912). Þórarinn fæddist 20. nóv. 1892 og drukknadi við fiskveiðar í Winnipegvatni 24. nóvember 1892, tæpum 10 mánuðum síðar en hann skrifaði eftirfarandi bréf. Hér heima átti Þórarinn 4 bræður, Jón bónda og hreppstjóra á Hafsteinsstöðum, Pál bónda í Vík, Sigurjón á Bessastöðum og Svein á Hóli. Bréfið er ritað til eins hinna þriggja síðasttöldu, sbr. endi þess.

*Sölvi Sveinsson*

1. febrúar 1890

Elskulegi bróðir;

Innilegasta þakklæti fyrir bréf þitt seinast ásamt myndinni, er því fylgdi; mér þótti mjög vænt um að fá myndina til eignar, og eg er skuldbundinn að borga þér hana seinna með mynd af mér.

Nú verð eg að biðja þig, góði bróðir, að fyrirgefa mér, hvað lengi hefir dregizt að skrifa þér línu, svo sem í borgunar skyni fyrir bréf þitt; það hefir orsakast nokkuð af leti og svo af því, að mér finnst, að eg ekki hafi neitt til að skrifa.

Okkur líður hér öllum vel og höfum góða heilsu. Eg er búinn að taka mér land og byggja hús á því; eg var við það í vor og fram eftir sumrinu; eg heyjaði í sumar fyrir mig og Ólaf, en fór ekkert burt að vinna. Ólafur og Guðrún eru hér í húsinu hjá mér.

Eg fór til hvítfiskveiða norður með vatni<sup>1</sup> í haust og var við það fram um jól og hafði um 240 krónur upp úr fiskinum að frádregnum kostnaði; eg fékk netin til láns og lét þriðjung af fiskinum fyrir þau, svo hluturinn var nokkuð hár í allt.

Fram að þessum tíma hafa menn hér eingöngu gefið sig við griparækt og fiskveiðum, en nú eru menn almennt farnir að hugsa um að koma á hveitirækt með griparæktinni; margir höfðu næstliðið ár töluvert af hveiti, en hjá sumum var það aðeins dálítill vísir; það þrífst hér vel. Magnús og Þorbergur<sup>2</sup> höfðu svolítið af hveiti og öðrum korntegundum svo sem höfrum, baunum . . . og rúgi.

Það er skemmtilegt að eiga kornakra og geta sjálfur framleitt það úr jörðinni en að þurfa að kaupa það allt af öðrum. Menn eru nú hér sem ódast að kaupa jarðyrkjuverkfæri og hugsa sér nú til hreyfis að fara að rífa sundur jörðina og gjöra hana að hveitiökrum. Það er gaman að hugsa til þess, þegar hér fara að sjást skrudgrænir akrar meðfram laufgrænum skógarbeltum.

Eg hætti nú þessu, en góði bróðir, eg bið þig að láta mig ekki gjalda þessa ómerkilega miða heldur skrifa mér og segja mér fyrst og fremst, hvar þú ert og hvað þú hefir fyrir stafni og svo hvernig hinum bræðrum mínum líður og elsku pabba mínum og af kring-

umstæðum þeirra. Skilaðu kveðju minni til Leifa í Vík og konu hans.<sup>3</sup> *Skilaðu kærri kveðju minni til bræðra minna og Gunnu systur*<sup>4</sup> og elsku pabba mínum og mömmu minni og öllum kunningjum og vandamönnum. Að endingu kveð eg þig og konu þína og bið góðan guð að varðveita ykkur á öllum ykkar ófögnu ævidögum.

Þinn einl. bróðir

Þórarinn Jónsson

Segðu pabba og mömmu, að eg skrifi þeim nokkrar línur bráðum. Segðu mér hvernig Jóni bróður gengur með æðarvarpið í nýja hólmanum sínum. Brenndu svo þennan miða og láttu engan sjá hann.

P. J.

#### Skýringar

1. Winnipegvatn
2. Bræður hans, Magnús bjó á Fjalli í Sæmundarhlíð, áður en hann flutti vestur 1887
3. Þorleifur Bjarnason og Ingibjörg Árnadóttir
4. Guðrún (f. 1854), vann að búi foreldra sinna



## Skiptapi á Skagafirði

Að kvöldi þess 6. febrúar lagði vélbáturinn *Pengill*, 7 smálestir, af stað frá Sauðárkróki með mjólk frá K.S. og farþega. Flutninga þessa á mjólkinni hafði með höndum Skafti Stefánsson formaður á Siglufirði, en nú var vélarbilun í bát hans og gat hann því ekki farið þessa ferð. Skipshöfn bátsins var þessi: Karl Þórðarson formaður, Sigurður Jónatansson, Sigurður Jónsson, Ásgr. Eðvald Magnússon. Af Sauðárkróki fór sem farþegi með bátnum, Áslaug Stefánsdóttir frá Húsavík, hafði hún verið að kenna leikfimi þar um tíma, en var nú á heimleið.

Er báturinn fór af Króknum var sjór tekinn að ýfast og stormur að vaxa til mikilla muna. Leit ekki út fyrir annað, en að hann mundi ganga í versta veður með nóttinni. Töldu menn formann af því að leggja út í slíka tvísýnu undir nóttina, en hvöttu hann til að bíða heldur í tryggu lægi við hafnargarðinn. En formaður skeytti því ekki. Heldur munu þeir hafa verið ókunnir þessari leið, nema Eðvald, sem var háseti hjá Skafta, og hann hafði lánað í þessa ferð sem kunnugan mann.

Er til Hofsóss kom, biðu þar þrír menn, er ætluðu með bátnum til Siglufjarðar, þeir Tómas Jónasson kaupfélagsstjóri, Stefán Jóhannesson útvegsbóndi í Bæ og Sigurður Jónsson tómthúsmaður úr Hofsósi. En ekki datt þeim í hug, að báturinn færi þaðan um kvöldið í þvílíku útliti. Var Tómas háttaður, er honum komu boð frá formanni að koma strax, ef hann vildi verða með, því nú færi

hann innan stundar. Klæddist hann hið skjótasta og fóru þeir félagar allir um borð.

Þegar þetta gerðist var nýjarðaður Jón Árnason frá Kambi og hafði einn sona hans, Páll, komið frá Siglufirði til að vera við jarðarförina. Hann var á Kambi, en ætlaði að grípa þessa ferð úteftir. Um kvöldið er hann er lagður af stað og kominn skammt frá bænum, heyrir honum vera kallað á sig með nafni. Hann snýr þegar við og hleypur heim aftur, ef vera kynni að einhver vildi tala við hann, en þetta reyndist misheyrn. Skundar hann nú sem skjótast til Hofsóss og fram á bryggjuna; er þá báturinn nýlagður frá. Kallar hann til skipverja og beiðist farsins, en þá var orðið svo illt í sjóinn, að þeir gátu eða vildu ekki leggja að aftur. Komst hann því ekki með bátnum og mátti segja, að þar skildi með feigum og ófeigum, því til bátsins hefur ekki spurzt eftir þetta. Um nóttina gerði æðiveður á norðaustan með hríð. Var álitid að hann hefði farizt undan Dalavogum eða þar í grennd, vestan Siglufjarðar. Þann 9. fannst fyrsta rekaldið úr bátnum og 15. febrúar rak lík Eðvalds Magnússonar að Úlfisdölum. Seinna rak lík Sigurðar Jónatanssonar inn á Borgarsand og lík Karls og Sigurðar á Hraunamöl og á Almenningum.

Úr Árbók Skagafjarðarsýslu 1939.  
Skrásetjari: Stefán Vagnsson.

## Hver er maðurinn?

Í 2. árg. Safnamála birtust óþekktar myndir úr vörzlum Héraðs-skjalasafnsins og lesendur beðnir að senda upplýsingar, bæru þeir kennslu á fólkid. Eftirtekjan var þessi: Á mynd nr. 1 er Jón Guðmundsson, Hvammi í Svartárdal, A-Hún.; mynd nr. 6 er af Kristjáni Árnasyni frá Krithóli; Þorsteinn Gunnarsson, lögregluþjónn í Reykjavík, og kona hans, Sveinbjörg Gróa Sveinsdóttir eru á mynd nr. 10; á mynd nr. 13 er Guðrún Jóelsdóttir frá Kolkuósi (með lepp fyrir auga); síðasta myndin, nr. 23, er trúlega af Hermanni Jónasyni skólastjóra á Hólum, síðar á Þingeyrum, en ekki er það víst, og þætti safninu fengur í að fá staðfestingu þess.

Hér er tekinn upp þráðurinn þar, sem fyrr var frá horfið, myndir tölusettar í áframhaldandi röð. Myndir þær, sem hér fara á eftir, eru teknar af ljósmyndurum, sem störfuðu á Sauðárkróki um eitthvert skeið, með einni undantekningu þó (Jón J. Árnason, Laugalandi). Þar með er ekki sagt, að flestar myndanna séu af Skagfirðingum, en verulegur hluti þessa fólks hefur að líkindum dvalizt lengri eða skemmti tíma í Skagafirði.

Safnið hvetur lesendur til að senda upplýsingar um þessar myndir, svo og hinar fyrri, ef kennsl verða borin á þær. S. S.



24



25



26



27



28



29



30



31



32



33



34



35



36



37



38



39



40



41



42



43



44



45



46



47

## Safnafréttir

Frá því síðasti árg. Safnamála kom út hefur Héraðsskjalasafninu borist fjöldi gagna úr fórum sr. Ólafs Ólafssonar (stúdents); gefendur þeirra eru annars vegar Guðbjörg Kristinsdóttir, Baldursgötu 4, Rvík, og hins vegar Sverrir Jónsson, Akurseli 25, Rvík.

Aðrir, sem hafa gefið stór söfn handrita eru: Þorsteinn Sigurðsson, Hjaltastadahvammi í Blönduhlíð, og Árni Pálsson, Klapparstíg 3, Akureyri.

Í júnímánuði þ.á. barst safninu að gjöf blaðið „Tíminn“ frá upphafi til ársloka 1974 (58 árg.), einnig „Nýja Dagblaðið“ allt (6 árg.) og fylgirit. Safnandi þessara blaða var Jón Sigtryggsson frá Framnesi, síðar lengi búsettur í Reykjavík, en dætur hans, þær Sigurlaug, Ingibjörg og Sigrún afhentu safninu þessa verðmætu gjöf.

Frá því í júlí 1978 til jafnlengdar nú hafa safninu borist rúmlega 1000 ljósmyndir.

Þjóðhátíðarsjóður Íslands veitti á þessu ári (1979) 2,5 millj. kr. styrk til Safnahúss Skagfirðinga. Fénu á að verja til að ljúka byggingu þess (ganga frá kjallara o.fl.). Eignaraðilar leggja og fram fé til framkvæmdanna, sem eru hafnar.

Sá háttur var tekinn upp fyrir nokkrum árum á vegum Safnahússins að fá fyrirlesara í Sæluviku Skagfirðinga til að flytja erindi um sjálfvalið efni. Að þessu sinni kom það í hlut Gísla Jónssonar menntaskólakennara. Á liðnum árum hafa fyrirlesarar verið þessir: Guðmundur G. Hagalín rith., Hörður Ágústsson listmálari, Matthías Johannessen ritstjóri, Andrés Björnsson útvarpsstjóri, Hannes Pétursson skáld.



## *Minningarkort*

Fræðasjóðs  
Skagfirðinga  
fást í

Safnahúsinu  
við Faxatorg,  
Verzlun Haraldar  
Júliussonar

og hjá

Kára Jónssyni,  
Smáragrund 16



# útlán

## BÓKASAFNIÐ

Mánudaga	kl. 4— 7 s.d.
Þriðjudaga	kl. 4— 7 s.d.
Miðvikudaga	kl. 4— 7 s.d.
Fimmtudaga	kl. 8—10 s.d.
Föstudaga	kl. 2— 7 s.d.

*Lestrarsalurinn er opinn á sömu tímum.*

## HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

*er opið til afgreiðslu*

Fimmtudaga	kl. 8—10 s.d.
Föstudaga	kl. 2— 6 s.d.



SAFNAHÚS  
SKAGFIRÐINGA